


JOCHUM EGGERTSSON FRÁ SKÓGUM:

FAÐIR MINN

Eggert Jochumsson var fæddur 15. júlí 1833 að Skógum í Porskafirði, er þá taldist til Staðar-kirkjusóknar á Reykjanesi í Aust-



Eggert Jochumsson

ur-Barðastrandarsýslu. Hann lézt að heimili sínu, Naustum í Eyrarhreppi við Skutulsfjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu 27. júní 1911.

Foreldrar Eggerts voru þau hjónin Póra Einarsdóttir frá Skáleyjum á Breiðafirði, en alin upp í Hergilsey (fædd 30. júní 1808, dáin 6. jan. 1872) og Jochum Magnússon, sjálfseignarbóndi í Skógum í Porskafirði (fæddur í Skógum 26. sept., dáinn 4. júní 1889 í Mýratungu í Reykhólasveit, en jarðaður á Stað á Reykjanesi 24. s. m.).

Þau voru gefin saman í Staðarkirkju á Reykjanesi 17. okt. 1832. Morgungjöf 40 spesiur. Var Eggert fyrsta barn þeirra, gefið nafn Eggerts í Hergilsey, fósturföður og

langafa Póru. Næstur Eggert var Magnús, lærði trésmíði, síðast kaupmaður á Ísafirði. Þá Matthías, prestur og þjóðskáld. Telja þeir árin þessir þrír. Ari kennari var sað fjórði, faðir síra Jóns í Húsavík.

Mörg fleiri voru þau systkin. Ástríður var yngst, móðir dr. jur. Björns Pórðarsonar, Matthíasar skipstjóra og þeirra barna.

Eggert ólst upp heima í Skógum fram yfir tvítugsaldur. Hann var efnilegur í æsku og slitviljugur til verka, en allt of snemma settur til erfiðisvinnu og ofureflis. Hann vildi snemma vinna allt öðrum að skapi, en hugsaði ekkert um sjálfan sig. Hann var stundum svo breyttur og úttaugaður, er hann kom frá verki, þá óharðnaður ungar drengur, að hann gat eigi gengið að mat sínum.


Þá kvað móðir hans:

Borða þú nú bitann þinn,
blíði, litli Eggert minn,
svo að minnki sulturinn
og sveimi burtu óvandinn.

Eggert kvartaði aldrei, á hverju sem gekk, alla sína ævi. Hann var alvörumaður mikill, sást sjaldan eða aldrei hlæja eða brosa, en var þó hvort tveggja góðlyndur og glaðlyndur, hnyttinn og gamansamur í orði, en ávallt græzkulaus og málsvari hvers manns, er á var hallað að ósekju, en hélt þó þannig á málum, að öll deila hjaðnaði, er hann kom næri, enda var hann hvers manns hugljúfi, er honum kynntist, til síðustu stundar.

Um Eggert segir Matthías skáld bróðir hans í Söguköflum: „Eggert, hinn elzti, þótti efnilegur í uppvexti sínum, námfús og vitsmunadrjúgur. Hann var snemma hafður til slits og strits...“

Matthías segir enn fremur um báða eldri-bræur sína, þá Eggert og Magnús: „Þeir voru töluvert fljótari á legg og lagaðri til



Eggert Jochumsson og fyrri kona hans, Guðbjörg Ólafsdóttir og sonur þeirra Guðbert (1875).

vinnu en ég, en helzt til snemma var þeim of mikið ætlað eftir kröftum, og mun það hafa kippt þroska og fjöri úr þeim elzta að minnsta kosti. Um okkur alla fjóra (elztu bræðurna) var snemma sagt, að við værum næmir og liðlegir og efni í skáld.“ (Söguk., bls. 39–40).

Eggert Jochumsson var tvíkvæntur.

Fyrri kona hans var Guðbjörg Ólafsdóttir, f. 3. apríl 1827, d. 13. júní 1890, Bjarnasonar frá Rauðamýri í Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp, og konu hans, Margrétar Steinsdóttur. Pau giftust 4. júní 1857.

Pau eignuðust saman átta börn, og eru þau þessi:

Guðbert Kristján, f. 7. júlí 1858, d. 26. okt. sama ár.

Ólafur Sveinn, f. 20. júní 1859, barnakennari. Hann var gáfumaður mikill, minnugur og næmur, afburða stærðfræðingur, kallaður „sérvitringur“, nefndur „ofviti“. Týndi sér 2. maí 1895. Ógiftur og barnlaus.

Póra Sumarlína, f. 26. apríl 1861, d. 19. sept. 1929. Giftist Benedikt Jónssyni frá Reykjafirði í Vatnsfjarðarsveit. Bjuggu að Miðhúsum í sömu sveit. Hún lengi ekkja. Barnlaus.

Guðbert, f. 12. ág. 1862, d. 1909. Kvæntist konu úr Eyjafirði, Sæunni að nafni, fór til Vesturheims 1881, dó þar 1909. Átti nokkur börn, sem ættir eru frá komnar í Vesturheimi.

Samúel, f. 25. maí 1864, d. 7. marz 1949, búfræðingur frá Ólafsdal, skrautritari, landmælingamaður, kortateiknari og kennari meginhluta ævi sinnar. Hafði einkaskóla í Reykjavík mörg ár og kenndi börnum innan skólaskyldualdurs. Kvæntur 1892 Mörtu E. Stefánsdóttur, gullsmiðs, Jónssonar frá Höll í Þverárhlið. Pau áttu tvær dætur, Halldóru og Jóhönnu Margréti.

Matthías, f. 15. júní 1865, d. 8. okt. 1955. Hann ólst upp hjá föðurbróður sínum, síra Matthíasi skálði Jochumssyni. Síðar prestur

að Helgastöðum í S.-Þing. og Grímsey, kenndur við þann stað sem „Grímseyjar prestur“. Þjónandi prestur þar full 40 ár. Kvæntur Guðnýju Guðmundsdóttur úr Eyjafirði. Áttu mörg börn og fjölda afkomena.

Elias, f. 9. ágúst 1867, d. 5. ágúst 1901. Kvæntist Guðrúnu Bjarnadóttur frá Ísafirði. Drukknaði af fiskiskipi frá Ísafirði.

Guðmundur, f. 10. júní 1869, tekinn ungur í fóstur af Jóni Halldórssyni og Guðrúnu Þórðardóttur, Laugabóli á Langadalsströnd. Dáinn 10. júlí 1876.

* * *

Seinni kona Eggerts var Guðrún Kristjánsdóttir frá Ytra-Garðshorni í Svarfaðardal, fædd að Steindyrum í sömu sveit 10. febrúar 1864, dóttir Kristjáns Jónssonar, bóna þar, Jónssonar bóna á Hrísum í Vallasókn, Porfinnssonar bóna á Litlu-Hámundarstöðum á Árskógsströnd. Kristján faðir Guðrúnar var fæddur 7. júní 1836, d. 9. júní 1894. Móðir Guðrúnar, en kona Kristjáns, var Sólveig Jónsdóttir, Jónssonar bóna á Syðra-Garðshorni og konu hans Guðlaugar Gunnlaudsdóttur.

Guðrún lifði mann sinn og andaðist 3. sept. 1919 að Breiðamýri í Reykjadal í S.-Þing. hjá Önnu dóttur sinni og manni hennar, Sigurmundi lækni Sigurðssyni.

Börn Eggerts og Guðrúnar eru þessi:

Guðbjörg Baldvina, f. 1. júlí 1891, d. 14. apríl 1951, giftist Sæmundi Jónssyni, norðlenzkum, eignuðust fimm dætur, allar á lífi (1955).

Kristján Guðmundur, f. 1. febr. 1893, kennari. Útibússtjóri K.E.A. í Grímsey frá stofnun til ársins 1952. Kvæntur Guðrúnu Jóhannesdóttur frá Krossdal í N.-Þing.

Anna Kristjana, f. 24. nóv. 1894, d. 20. ág. 1932, giftist 2. ág. 1913 Sigurmundi Sigurðssyni héraðslækni, eignuðust sex börn, er upp komust.

Ástriður Guðrún, f. 24. nóv. 1894. Giftist

2. ág. 1922 Þórarni Víking Grímssyni frá Garði í Kelduhverfi. Eignuðust 5 syni.

Jochum Magnús, f. 9. sept. 1896, búfræðingur frá Hvanneyri 1917; lærði ostagerð og mjólkuriðnað á Íslandi og Norðurlöndum. Vann við þau störf frá 1921—29. Rithöfundur. Kvæntur 21. des. 1929 Soffiu Jóhannesdóttur Sigurjónssonar frá Laxamýri. Nú skógræktarmaður að Skógum í Porskafirði.

Helga, f. 26. apríl 1898. Ólst upp að nokkru á Akureyri hjá föðurbróður sínum, Matthíasi skáldi Jochumssyni. Útlærð hjúkrunarkona og stundaði hjúkrunarstörf mörg ár hér á landi og erlendis. Giftist 1929 Ludvig Kaaber, bankastjóra í Reykjavík.

Eggert Luther, f. 4. sept. 1900, d. 31. júlí 1943, ógiftur og barnlaus.

Árný María, f. 15. ágúst 1902, d. 23. okt. 1944, ógift og barnlaus.

* * *

Í eftirmælum um Eggert Jochumsson segir blaðið Þjóðviljinn 19. júlí 1911, 32—33. tbl., ritstjóri Skúli Thoroddsen:

„Eggert sál. ólst upp hjá foreldrum sínum í Skógum við Porskafjörð, og var hann elztur þeirra Skógasystkina. Hann naut undirbúningsfræðslu að Stað á Reykjanesi, en fluttist kringum 1860 að Haga á Barðaströnd og var um árabil sýsluskrifaði hjá Jóni Thoroddsen sýslumanni.

Bjó síðan fimm ár á Melanesi á Rauðsandí, en fyrir 1870 fluttist hann að Djúpi og síðan á Ísafjörð og var þar, þar til hann kvæntist í annað sinn. Eftir það var hann nokkur ár norður í Pingeyjarsýslu við kennslustörf í Reykjadal, en 1899 fluttist hann vestur aftur og stundaði síðan vitagælustörf á Naustum gegnt Ísafjarðarkaupstað.

Snemma mun Eggert sálugi hafa farið að stunda barnakennslu, fyrst sem heimiliskennari og síðan við barnaskólann á Ísafirði. Er viðbrugðið þar vestra, hve umhyggjusamur og vinsæll kennari hann var. Hann

var um skeið skólastjóri við Hnífsdalsbarnaskóla.

Skáldmæltur var Eggert sál. vel, eins og hann átti kyn til, og ritaði mjög góða íslenzku. Yfirleitt var hann gaeddur miklum og góðum hæfileikum og var einn hinna fjölfróðustu sjálfmenntaðra manna. Farsælar gáfur, stilling, göfugur hugsunarháttur, grandvarleiki til orða og verka, og yfirleitt aðdáanleg prúðmennska einkenndu allt hans líf.

Pess skal getið, að skrifari var hann með svo miklum ágætum, að sá er þetta ritar, hefur aldrei eftir leikmann séð eins fagra og fasta hönd, nema ef vera skyldi rithönd Magnúsar í Tjaldanesi, er var annálaður meistari í þeirri grein.“


Í Skólablaðinu, des. 1911, ritstjóri Jón Þórarinsson fræðslumálastjóri, stendur eftirfarandi:

„Eggert Jochumsson var einn hinna nafnkunnustu barnakennara vestanlands. Þrátt fyrir litla menntun í æsku og mikla erfiðleika, tókst honum að ná svo mikilli þekkingu í almennum fræðum, að hann mun hafa verið með allra fremstu leikmönnum þessa lands að andlegu viðsýni.

Aðalstörf Eggerts voru kennslustörf. Hann kenndi um nokkur ár við barnaskóla á Ísafirði og Hnífsdal, þar sem hann var skólastjóri. Síðustu árin, sem hann gaf sig við kennslu, dvaldi hann norður í Þingeyjarsýlu, í Reykjadal.

Við kennslustörf vann Eggert sér mikla hylli. Lagni hans, prúðmennsku og siðvendni er alstaðar viðbrugðið, og allir, sem minnast á framkomu hans, hvort heldur það eru foreldrar eða nemendur, tala um hann með ást og virðingu. Pað var einhver hlýr blær, kærleiksylur, sem andaði inn á hvert það heimili, sem hann dvaldi á, því Eggert var guðhræddur og uppgerðarlaus maður.

Hann var alla tíð ólaunaður af landsfé og oft kauplítill, átti því ávallt við þróngan kost að búa, þó ýmsir góðir menn réttu hon-



Jochum M. Eggertsson, 59 ára. Stendur á haugi þórkels Súrssonar í Porskafjarðarþingi.

um hjálparhönd. Tímanum varði hann mest til að upplýsa alla, sem hann átti kost á, oft með góðum árangri fyrir þá, en án sérstakra launa, því hann hugsaði jafnan meira um aðra en sjálfan sig. Eggert, sál. var dulur og kvartaði aldrei, þótt skórinn krepptist að fætinum, eins og sýndi sig að síðustu, og munu margir vinir hans minnast þess um seinan, að þeir veittu högum hans of litla athygli.“

* * *

Hvernig urðu svo ævilok þessa manns? Sjálfsgagt er að segja frá því, annars yrði ekki nema hálfssögð sagan og auk þess ekki sönn.

Frásögn vikublaðsins Vestra á Ísafirði, forsíðufrétt:

„† Eggert Jochumsson, vitavörður hér á Naustum, faðir sr. Matthíasar í Grímsey, Samúels skrautritara í Reykjavík og þeirra systkina, andaðist hér 27. f. m., óð í sjóinn fram undan húsi sínu og steypti sér í straumiðuna, náðist þó brátt aftur, en var þá ör-endur að sögn læknis, er vitjað var. Eggert sálugi var um átrætt.

Lífsins áll of kaldur fyrir gamla maðninn og fæturnir teknir að þreytast, en hjartað ó-bilandi og þráði því meiri hlýleika, svo sem æsku og elli er tit.

Seinni kona Eggerts, Guðrún Kristjánsdóttir, er reyndist honum hin bezta, lifir mann sinn ásamt mörgum börnum.

Eggert sál, var alltaf trúr þjónn þjóðar sinnar, bæði við barnafræðslu og annað, er hann gerði, þótt engin fengi hann heiðurs-launin úr landssjóði, enda taldist hann allt-af til alþýðunnar.“

Vestri, 10. árg., 31. tbl., 14. júlí 1911.

Eggert mun líklega eitthvað hafa svipað til Sókratesar, sífræðandi aðra með fögru fordæmi, lífsreynslu og viti, en hirti minna um eigin hag. Vitavarðarlaunin voru lítil, eitthvað um 35 aurar á dag, auk íbúðar og ljósmetis. Yngstu börn hans tvö, er heima voru, náðu ekki mannvænlegum þroska sakir örþingðar. Það mun honum hafa fallið sálast.

Kona hans var einnig heilsulítill. En hetja var hún mikil og seigla hennar og kjarkur með eindænum.

Matthías segir í Söguköflum, bls. 52–53:

„Einu sinni hittumst við bræður þrír (elzu), og spurði ég um fjárhag Eggerts. Magnús var fljótur til svars og segir: Eggert hefur nú sleppt sleifinni og eys nú með ausu – örþingðina.“

Og þar sem Matthías minnist á „örlög systkina og ævistríð“, segir hann í Söguk., bls. 54: „Og nú (1912), þegar ég yfirfer aftur þetta, sem komið var af bernskusögu minni, hefur annar, og sá elzti okkar þriggja bræðra, lokið lífsstríði sínu, ég meina Egg-

ert. Átti hann ærið erfið kjör sín síðustu ár, svo að ég óskaði hann liðinn og láttinn fyrir löngu. Nú er sem ekkert hafi verið. Hvað verður af élinu, þegar aftur lygnir í lofti?“

* * *

Eitt er það atriði, sem flestum hefur láðst að minnast á, þeim er um Eggert hafa ritað og kennslustörf hans, en það er sá þáttur þeirra, að fræða fullorðna. Hann kenndi fjölda ungra manna og fullorðinna skrift og reikning ásamt íslenzku og dönsku máli og fleiri fræðum. Fjöldi ungra manna og efni-legra komu til hans illlæsir en óskrifandi, og hann bætti þeim það á fáum vikum, svo að þeim entist allt lífið.

Margir þeirra urðu síðar merkismenn, hreppstjórar eða oddvitar í sínum sveitum, skrifuðu sjálega rithönd og sœmilegt mál og urðu sjálfbjarga í reikningsfærslum þeim, er þeir þörfnuðust í viðskiptum sínum og annarra.

Þessir ungu menn lærðu oft meira á þrem vikum en aðrir nema nú á þrem árum. Auk þess var nám þeirra miklu farsælla fyrir lífið. Í inni sínu fögnumu þeir kennara sínum og kennslustundum allt til æviloka.

Vikapiltur var ég eitt sinn hjá einum þessa-ara fyrrverandi nemanda föður míns, er þá var láttinn. Nemandinn var þá orðinn merkur óðalsbóni og höfðingi í sinni sveit. Tvítugur var hann, er hann hóf námið. Það stóð þrjár vikur. Fræðslu hafði hann enga aðra fengið. Með honum voru nokkrir fleiri að námi, allir á líkum aldri. Um tímafjöldann var lítt talað eða kaup við kennsluna. Það var vani kennarans, þá er þessi efnilegu ung-menni voru mætt, að hann háttáði sjálfur niður í rúm, hafði tóbaksbaukinn við hendi-na, tók í nefið og létt fara vel um sig eftir föngum. Nemendum sínum raðaði hann hið næsta sér, hringinn í kring. Var svo kennt og frætt og rætt, en allir gleymdu stund og stað, unz komið var fram yfir miðnætti eða meir. Stundum varð að vísu hlé á umræðum. Var

þá kallað á konuna og hún beðin að bera á sængurstokkinn herta þorskhausa og hákarl og yfirleitt allt, sem ætilegt fyndist í búinu, bæði utan húss og innan. Var þessu boðorði oftast eitthvað sinnt, en þó ekki ætíð orðalaust. Var það og misjafnlega mikið er fyrifannst, bæði að efni og gæðum, en þó oftast gerð góð skil. Kom þá líka kaffidrykkur að sjálfsögðu. Gott þótti þessum góða bónda að bragða í staupinu, er svona sagði frá, og er hann var orðinn hýr, minntist hann hinna fornu sélustunda hjá „fræðaranum“ og klökknaði við. Aldrei mátti nefna Eggert kennara í hans eyru, svo auvirðilegt nafn náði engri átt. „Fræðameistari“, minna mátti það ekki vera, ef hann var orðinn drukkinn. Kom þá fyrir, að tár glitraði af gleði minninganna.

En miklu síður mun þessum mætu nemendum hafa komið til hugar að þessum „fræðara“ með allsnægtir andans væri þörf á þvílíku, er þeir gætu veitt, svo ríkur var hann í huga þeirra. Þess vegna var það, nú fyrir umliðnum aldarfjórðungi, að ég hitti gamlan sægarp og frægan formann, þá nýhættan svaðilförum. Nú er hann löngu genginn, sá garpur. Er hann heyrði, hverra manna ég væri, minntist hann fræðslu föður míns, en hennar hafði hann notið uppkominn eins og óðalsbóndinn, er áður er nefndur. Var þá sem sólskin flæddi í huga hans, er honum opnaðist fyrst minning þeirra miklu stunda. En svo var sem ský skyggði á sól, og dapraðist honum þá hugur og klökknaði karlinn, þá er hann hugði að ævilonum þessa manns, er svo mikið hafði veitt honum. Án allra orða hrukku tárin á hvarmana, sæþrútna eins og á útsel, unz hann mátti mæla: „Guð hjálpi mér og fyrirgefi, að ég skyldi hafa gleymt að gefa honum í soðið.“

* * *

Eggert lét ekki mikið eftir sig í rituðu máli. „Tilraun“, lítið kver, 32 síður, Prentsmiðja Reykjavíkur 1903, og „Hvað er mor-

mónska?“ tvíblöðungur frá sama tíma. Kvæði eftir Eggert eru einhver í handritum Landsbókasafns, Skrá 4265, Lbs. 1870–1884, 8vo. Auk þess eitthvað í blöðum og tímaritum, m. a. tvö kvæði í vikublaðinu Dagur, útg. og prentað á Ísafirði, 1. árg., 5. tbl., bls. 19, ritstjóri Guðmundur Guðmundsson skólastálfur. Hið síðara prentað í sama blaði, Dagur, 1. árg., 22. tbl., er út kom 22. júlí 1909, en það kvæði orti Eggert á afmælisdaginn sinn (15. júlí í þeim sama mánuði), er hann varð 76 ára. Það er kvæðið „Sólin“, fjögur erindi, og er þetta þriðja vísan:

Þú mikla konungs verkavél,
þú vinnur nött sem dag,
og lítur yfir líf og hel
í líkn með friðarbrag.
Þú horfir æ með helgri ró
á heimsku vora og synd,
en allt hið göfga elskar þó,
svo ást þín sýnist blind.

En þá er Dagur hafði birt fyrra kvæði Eggerts, er hann nefnir „Aðsent“, segir ritstjórin, Guðmundur skáld Guðmundsson, í blaði sínu, er út kom 24. mars 1909:

„Eggert gamli Jochumsson, bróðir þjóðskáldsins á Akureyri, sendi *Deginum* þessa vísu (vísan het „Dagur“ og var átta ljóðlinur). Öldungurinn, sem nú er farinn mjög að heilsu og sjón, styttir sér stundirnar við stefjamál í kyrrþey. Sálin hans er auðug af göfugum og góðum hugsunum og gáfurnar enn í fullu fjöri, þótt örlög og örþingð hafi sorfið að honum um dagana. Eggert er nú háaldraður maður, hefur fengið löngum við barnakennslu og leyst þar mikið starf vel af hendi við litlu gjaldi. Hann hefur aflað sér þeirrar þekkingar, sem auðið var, af eigin rammleik og aldrei í skóla gengið. Ef hamingja hefði sett honum slík kjör og hann notið þeirrar menntunar, sem bróðir hans, er óvist nema við hefðum átt þar annað þjóðskáld jafnsnjallt hinu. En því hafa margir fagrir kvistir aldrei orðið fagurlima,

að á þá hefur blásið úr öllum áttum, en enginn eða fáir að þeim hlynnt.“

Ég hygg, að hér sé ofsögum sagt í *Deginum*, að Eggert hefði nokkurn tíma getað orðið jafningi bróður síns, til þess hafði hann hvorki skáldaskap eða „geni“-gáfu í svipuðum mæli og bróðir hans Matthías.

Matthías sá skáldsýnir undir eins í æsku og myndir allra kvíkinda alstaðar og í öllu. Hann var ekki í öllu eins og hinir bræðurnir. Það var strax meira í honum af flóni og vitringi. Hann var bæði hugleysingi og hetja, sem ekkert lét sér fyrir brjósti brenna, eins og þegar bræður hans hinir eldri, Eggert og Magnús, ögruðu honum.

Þeir stóðu þá allir uppi á baðstofuburstinni og horfðu fram á hlaðið. „Hér stekkur enginn fram af. Hér þorir Matti ekki að stökkva. Fíflíð Matti! Hann er svo huglaus!“

„Hvort sem ég drep mig eða drep mig ekki, svo skal ég fram af,“ svaraði sá litli og lét ekki sitja við orðin tóm. Hann skall niður í grjótstéttina á hlaðinu, og lá nærrí að hann stórlasaðist.

Eða þegar Matthías var 17 ára og átti að vera búðarloka hjá frænda sínum, kaupmanni í Flatey.

„Vigtaðu tvö pund af tvíbökum í sveitamanninn,“ sagði frændinn og lét tveggja punda lóð á aðra vogarskálina.

En Matthías virtist ekki geta áttað sig á eða skilið jafnvægi vogarinnar, og tvíbökur voru óviðráðanleg vigtarvara. Gerði hann því ýmist að fylla skálina eða taka úr henni aftur, unz viðtakandinn, sveitamaðurinn sjálfur, kom honum til hjálpar og kenndi honum á vogina. Mikið elskarði Matthías þennan sveitamann æ síðan. Þetta myndi vart hafa hent nokkurn hinna bræðranna. Þeir voru allir næmari en hann á allt það, er allir skildu.

Eitthvað er til, sem örlög heitir, en víst vita þau fáir fyrir. Það er eins og Matthíasi hafi verið atlað að verða það, sem hann varð, og annað ekki. Honum var frelsið í blóð borið og stálviljinn til að verða frjáls

og finna sannleikann. Og maðurinn verður að vinna að þessu sjálfur. Matthías vissi þetta vel, er hann segir:

„Prælajörð þér veröldin verður,
verk þín sjálfss nema geri þig frjálsan.“

Náttúran tekur gjald af öllum, sem hún gefur. Enginn maður öðlast neitt nema á kostnað einhvers annars. Og þetta *annað*, sem maðurinn lætur í staðinn fyrir þetta *hitt*, sem hann fær, það er það, er manninn oftast vantar í augum heimsins.

Það kostar ótrúlegt þrek að hefja sig upp úr meðalmennskunni og öðlast fullkomis frelsi andans til að sigra heiminn. Matthías var alltaf að vaxa og þroskast andlega til síðasta dags, og svipað má segja um hans frændur fleiri. Viljaþrek hans vissi ekki af ellinni. Hann hafði þann sið eftir að vera kominn yfir átrætt, að fara upp úr rúminu hánóttina um hávetur og ofan í ískalda skrifstofuna, klæddi sig þá í two vetrarfrakka, hvern yfir annan, setti upp loðhúfu og sat svona fram á dag, önnum kafinn við að yrkja, þar til öðrum þóknaðist að rísa úr rekkju. Heilsan leyfði honum þetta ekki, langt í frá, og læknirinn ekki heldur. En maðurinn mátti til að yrkja ofurlítið meira. Og hann varð að vera einn og frjáls við að yrkja. Það er oft ekki tekið út með seldinni. Matthías var skáld fram í fingurgóma.

Matthías segir í bréfi til frændkonu sinnar, frú Ásthildar Thorsteinsson, 16. nóv. 1915, en hann var þá að byrja níræðisaldurinn:

„Ég var að vísu efni, en það, sem eftir mig liggur, er einungis sárveselt brot, brot af þeirri guðs auðlegð, sem bjó og brosti við minni sál... Minn slóðaskap bætir engin eilífð...“

* * *

Eggert Jochumsson var sannleiksbarinn alla ævi.

Nú getur menn greint á um sannleik og sannleiksbarinn, hvað það sé raunverulega.

Matthías svarar þessu vel og viturlega í kvæði einu, og mun þá hafa haft í huga ríkidaemi öreigans, Eggerts bróður síns:

„Sá er munur á sönnu og lygi,
að sannleiksbarn fær líf úr hjarni.“

Jochum í Skógum, faðir Eggerts kennara, var sonur Magnúsar sjálfseignarbóna í Skógum, Magnússonar bóna s. st. Halldórssonar bóna s. st. Bjarnasonar Jónssonar (Kollaþúða-Bjarna af Vindhælisætt i Skagafirði).

Skógar í Porskafirði lögðust í eyði, eins og margar jarðir fleiri í Stórubólu, er geisaði 1707–9, og voru Skógar í eyði nokkur ár, unz Bjarni Jónsson keypti þá. Bjó Bjarni í Skógum og síðar Kollabúðum, eftir að Halldór sonur hans tók við búi í Skógum, en Bjarni mun þó oftast hafa búið á báðum jörðunum samtímis, eða þeir feðgar saman ásamt systur Bjarna. Bjarni Jónsson er þó i ættartölum ávallt kenndur við Kollabúðir.

Amma Eggerts, móðir Jochums í Skógum, var Sigríður Aradóttir bóna að Reykhólum, Jónssonar prests á Stað á Reykjanesi, Ólafssonar Eiríkkssonar, prests, Rafnssonar bóna á Ketilsstöðum á Völlum og konu hans Ingibjargar, dóttur séra Sigfúsar Tómassonar prests í Hofteigi, Ólafssonar prests að Hálsi í Fnjóskadal og konu hans Ragnheiðar Árnadóttur Einarssonar prests í Garði og Helgu Sigfúsdóttur Guðmundssonar, prests á Stað í Kinn, er var skáld gott eins og bróðir hans, síra Ólafur á Sauðanesi, er var mikil sálmaskáld, svo sem kunnugt er.

Langamma Eggerts í föðurætt, móðir Ara á Reykhólum, var Sigríður Teitsdóttir sýslumanns Arasonar, komin af Ara sýslumannni í Ögri, Magnússonar sýslumanns prúða Jónssonar, lögmanns á Svalbarði, Magnússonar og konu hans, Ragnheiðar Pálsdóttur (Ragnheiðar á rauðum sokkum).

Magnús Jónsson prúði (faðir Ara í Ögri) og Staðarhóls-Páll voru albraður og báðir pekkt skáld á sinni tið.

Móðir Sigríðar Teitsdóttur var Margrét Eggertsdóttir Snæbjarnarsonar (Mála-Snæbjarnar) Pálssonar sýslumanns Torfasonar prests að Kirkjubóli í Langadal. Hún varð kona háöldruð og bjó lengi ekki á Reykhólum stórbúi eftir lát manns síns. Hún lét eftir sig mikinn auð, er skiptist milli barna þeirra.

Kona Ara á Reykhólum, móðir Sigríðar ömmu Eggerts kennara, var Helga dóttir síra Árna í Gufudal, Ólafssonar lögsagnara á Eyri, sem ætt átti að telja til Staðarhóls-Páls og fleiri merkismanna þar vestra. Kona Staðarhóls-Páls var Helga Aradóttir Jónssonar biskups Arasonar, er líflátinn var í Skálholti (7. nóv. 1550).

Póra, móðir Eggerts kennara var fædd 30. júní 1808 í Skáleyjum á Breiðafirði, dóttir Einars Ólafssonar bóna í Skáleyjum Ólafssonar bóna s. st. Oddssonar bóna í Sviðnum Jónssonar í Stagley.

Móðir Póru í Skógum, kona Einars í Skáleyjum, var Ástriður Guðmundsdóttir Einarssonar Björnsónar, er átti Ingibjörgu Bjarnadóttur Jónssonar á Kollabúðum (Kollabúða-Bjarna). Björn, faðir Einars, er hér var síðast nefndur, var Pálsson á Hamarlandi Ormssonar.

Móðir Ástriðar móður Póru í Skógum var Guðrún Eggertsdóttir Ólafssonar „betra“ Hergilseyjarbóna, d. 1819, er endurreisti Hergilsey úr margra alda auðn, bjó þar stórbúi við ráðdeild og rausn til dauðadags, eftir að hafa alizt upp í sárstu örþingð og umkomuleysi. Eggert í Hergilsey var maður stórzættaður, þótt í fátækt upp fæddist ungrur, af ætt Ólafar ríku á Skarði og Björns hirðstjóra Þorleifssonar, er Englendingar drápu í Rifi 1467.

Systkini Póru í Skógum, móður Eggerts kennara, voru þessi:

Helga, húsfreyja á Hallsteinsnesi (þær voru tvíburar).

Guðrún, ljósmóðir í Miðbæ í Flatey, amma þeirra skáldkvennanna Herdisar og Ólinu Andrésdætra.

Sigríður, giftist Magnúsi óðalsbóna Einarssyni í Látrum.

Sveinbjörn, giftist dóttur Eyjólfs „eyjajarls“ í Svefneyjum og drukknaði af skipi hans nýgiftur.

Guðmundur, prófastur og alþingismaður að Kvennabrekku og Breiðabólstað á Skógarströnd, faðir frú Theodóru Thoroddsen og Ásthildar Thorsteinsson á Bíldudal.

Jochum í Skógum, maður Póru en faðir Eggerts, átti engan bróður en þrjár systur, þessar:

Margrét, giftist Pétri Jónssyni, bóna í Skáleyjum, sœmdarhjón, áttu margt barna og fjölda af komenda.

Guðrún, kona Jóns Jóhannessonar í Múla í Porskafirði. Börn þeirra fluttust flest til Vesturheims.

Kristín, giftist þýzkum beyki, Johan Mohl eða Moul af nafni. Þau bjuggu fyrst í Flatey á Breiðafirði og áttu nokkur börn, en fluttust síðan til Þýzkalands, en eithvað af afkomendum þeirra mun þó hafa orðið eftir og alizt upp við Breiðafjörð. Meðal barna þeirra var Metta Kristín Moul, fædd 3. okt. 1853 í Flatey á Breiðafirði; fluttist uppkomin að Ísafjarðardjúpi, ráðvönd heiðurs- og dugnaðarkona, en heilsuveil einkum síðustu áratugi ævinnar. Dvaldist lengst af vinnuhjú þeirra merku höfðingshjóna Valgerðar Jónsdóttur og Kristjáns Þorláksónar, óðalsbóna að Múla í Nauteyrarhreppi, og dó þar háöldruð haustið 1938.